

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Ísafjarðarbæ.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Breyting á deiliskipulagi. Eyrin, Ísafirði.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi Eyrarinnar sem felur í sér lagningu göngustígs austan við fjölbýlishús við Sundstræti.

Breyting á deiliskipulagi. Eyrin, Ísafirði.

Breytingin felur í sér uppskiptingu eignalóðar við Sundstræti 36 og afmörkun á leigulóð Ísafjarðarbæjar undir bílastæði tengt starfsemi í húsi Kerecis, Sundstræti 36.

Nýtt deiliskipulag. Sólsetrið á Þingeyri.

Markmið með nýju deiliskipulagi er stofnun lóðar við Vallargötu á Þingeyri, undir listaverkið „Sólsetrið“ sem verður í eðli sínu sérstakt að því leyti að vera „mannhengur skúlptúr“ og „íveru- og upplifunarstaður“. Verkið, sem verður að hámarki 600 m² með 12 m hámarkshæð, verður opið almenningi, í þeim tilgangi að tengja við og njóta náttúru staðarins, lands, fjöru, hafs og sólar og samspils þessara þátta.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Ísafirði, 9. febrúar 2022.

F.h. skipulagsfulltrúa Ísafjarðarbæjar,

Helga Þuríður Magnúsdóttir,
verkefnastjóri á umhverfis- og eignasviði.

B-deild – Útgáfudagur: 11. febrúar 2022